



## Fundargerð

489. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,

miðvikudaginn 8. febrúar 2023, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru:

Árný Huld Haraldsdóttir oddviti (ÁHH),

Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaoddviti (JÖE),

Vilberg Þráinsson aðalmaður (VP),

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð og er hún 3 blaðsíður.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi kom inn sem gestur á fundinum undur liðnum

Ársreikningur.

Oddviti bauð fólk velkomið á fundinn og kannaði hvort einhver væri með önnur mál á dagskrá. Eitt mál barst og samþykkt að taka það undir liðnum önnur mál. Oddviti spurði hvort einhver hefði athugasemdir við fundarboð eða fundargögn.

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir aðalmaður (MDS) mætti kl. 16:25.

Hrefna Jónsdóttir aðalmaður (HJ) mætti kl. 16:40.

Oddviti vill ítreka að sveitarstjórn beri skylda til að taka þátt í sveitarstjórnarfundi samkv. 19. gr. í samþykkt sveitarstjórnar Reykhólahrepps. Einnig að sveitarstjórnarfolk boði forföll á lögboðna sveitarstjórnarfundi sjái þau fram á að forfallast svo hægt sé að boða varamenn á fund líkt og kveðið er á um í 24. gr. í samþykktum sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Dagskrá:

### **Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.**

1. **488. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 11. janúar 2023.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. **Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 2. febrúar.**

## **2.1. 2004013 - Aðalskipulag Reykhólahrepps**

Lögð fram að nýju tillaga að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034 ásamt tilheyrandi umhverfismatsskýrslu, með lagfæringum og breytingum í samræmi við afgreiðslu skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar þann 2. febrúar sl.

*Sveitarstjórn samþykkir með vísan í 32. gr. skipulagslaga og 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, tillögu að nýju Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2024 með þeim lagfæringum sem lýst er í fundargerð og minnisblaði sveitarstjórnar þann 19. desember 2023 og fundargerð skipulags-, húsnæðis og hafnarnefndar þann 2. febrúar 2023.*

Þeim sem gerðu athugasemdir við auglýsta aðalskipulagstillögu verða send svör sveitarstjórnar og niðurstaða sveitarstjórnar verður auglýst sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga. Endanleg áætlun verður jafnframt kynnt umsagnaraðilum í samræmi við 3. mgr. 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

*Samþykkt samhljóða.*

## **2.2. 2302007 - Starf skipulagsfulltrúa**

JÖE vikur af fundi.

*Oddviti leggur til að Jóhanna, formaður skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar, fá greidd 20% laun í febrúar vegna vinnu við samræmingu starfs skipulagsfulltrúa auk vinnu við að koma verkefninu "Hringrásarsamfélagið Reykhólahreppur" af stað. Launin verði greidd af launum sem áætluð eru vegna starfs verkefnastjóra Hringrásarsamfélagsins.*

*Samþykkt samhljóða.*

JÖE kemur aftur inn á fund.

## **2.3. 2212006 - Húsnæðisáætlun Reykhólahrepps**

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra, ásamt oddvita og varaoddvita að leita leiða til að mæta brýnni þörf á húsnæði í sveitarfélaginu í samræmi við húsnæðisáætlun.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.*

## **Mál til afgreiðslu**

### **1. 2302008 - Ársreikningur**

Jóhann fór yfir lögbundna yfirferð í tengslum við gerð ársreiknings sveitarfélagsins.

### **2. 2302001 - Starf sveitarstjóra**

Sveitarstjóri er í 50% veikindaleyfi í febrúar, hún er við störf alla jafna frá 10-14 alla virka daga.

ÁHH vikur af fundi.

*Varaoddviti leggur til að oddviti sinni 50% afleysingu sveitarstjóra í febrúar og fái greidd staðgengislaun eftir því.*

*Samþykkt samhljóða.*

ÁHH kemur aftur inn á fund.

### **Mál til kynningar**

**1. 2302009 - Boðun XXXVIII. landsþings sambands íslenskra sveitarfélaga**

*Bréfið kynnt sveitarstjórn.*

**2. 23020050 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, ársreikningur og greiðslufirlit.**

*Fundargerð kynnt, farið yfir greiðslufirlit og ársreikning.*

**3. 2302010 - Fundargerðir 47., 48. og 49. stjórnarfunda VFS og FV.**

*Fundargerðirnar kynntar.*

**4. 2302011 - Fundargerðir 917 og 918 stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerðirnar kynntar.*

**5. 2302012 - Mál E-298/2020 - Þingbók**

*Niðurstaða í máli Tryggva Harðarsonar gegn Reykhólahreppi kynnt fyrir sveitarstjórn.*

*Í fyrirtöku málsins í héraðsdómi Vesturlands fór Tryggvi fram á að málið yrði fellt niður og samþykkti sveitarfélagið þá beiðni. Rekstri málsins fyrir dómstólnum er því lokið.*

### **Önnur mál:**

**1. Bréf frá Réttindagæslumanni fatlaðs fólks.**

Farið yfir efni bréfs dagsett 8. febrúar 2023.

*Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að málinu, miðað við umræður á fundinum, í samráði við Félagsþjónustu Reykhóla og Stranda og veita svar við bréfinu.*

*Samþykkt samhljóða.*

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 17:40.

Fundargerðin er undirrituð með rafrænum hætti.